

Framhaldsskólinn í
Austur-Skaftafellssýslu



Ársskýrsla 2013



Inngangur

Hér verður fjallað um starfsemi Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu á árinu 2013 út frá próffleyðublaði frá ráðuneytinu svo og öðrum óskum þess um innhald og efnistöð.

Prófill Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu árið 2013

Stærð skóla, fjöldi nemenda og starfsmanna: Húsnæði skólans í Nýheimum er um 1500 m² og verknámsaðstaða í Vöruhúsinu er um 300 m². Skólinn leigir aðstöðu í líkamsræktarstöð fyrir íþróttir og einnig aðstöðu vegna verknáms í fjallamennsku. Auk þess hefur skólinn aðgang að verknámsaðstöðu grunnskólans, bókasafni Menningarmiðstöðvar í Nýheimum, leiklistaraðstöðu í Mánagarði og sundlaug sveitarfélagsins á Höfn. Um 170-180 nemendur eru í skólanum og um 130 nemendaígildi. Starfsmenn voru 28 á vorönn og 25 á haustönn í um 20 stöðugildum.

Námsframboð: Nám til stúdentsprófs er í boði af þremur brautum; Félags- og hugvísindabraut, náttúru- og raunvísindabraut, og kjörnámsbraut. Framhaldsskólapróf, fjallamennskunám og vélstjórnarnám er einnig í boði svo og umfangsmikið starfsnám undir merkjum Fjarmenntaskólans.

Framkvæmd markmiða: Helst var unnið að nýrri námskrá, uppbyggingu á list- og verknámsaðstöðu í Vöruhúsinu og þróun á starfsnámsframboði í gegnum Fjarmenntaskólann.

Umbótaþættir eftir sjálfsmat: Einkum unnið að uppbygging og þróun á vinnu nemenda utan kennslustunda.

Úttektir: Úttekt ver gerð á starfsanda og einnig á vímuefnaneyslu nemenda.

Afkoma, rekstrarstaða: Hallarekstur var um 12 milljónir.

Brottfall: Lækkandi brottfall og það var 7-8%.

Stjórnun: Skólameistari, áfangastjóri og verkefnastjórar.

Samvinna við aðra: Megin samvinnan er við stofnanir í Nýheimum; Sveitarfélagið Hornafjörð; leikskóla, grunnskóla og tónskóla á svæðinu; Leikfélag Hornafjarðar; Fjarmenntaskólann, tíu framhaldsskólar á landsbyggðinni; Tækniskólann; fyrirtæki í ferðaþjónustu og verslun á Suðausturlandi; erlenda skóla og stofnanir.

Sérstakar áherslur/sérsvið skólans: Ekki tilgreint neitt í skólasamningi

1. Stærð skóla, fjöldi nemenda og starfsmanna:

Á vorönn 2013 voru nemendur við skólann 170. Þar af voru 92 karlar og 78 konur. Um 35% nemenda voru eldri en 20 ára og um 20% búsettir utan sveitarfélagsins. Til stúdentsprófs voru skráðir 92 og flestir á félagsfræðibraut eða 49, tíu voru á málabraut og 33 á náttúrufræðibraut. Á almennri braut voru 14 nemendur, níu nemendur voru skráðir í fjallamennskunám og 18 í vélstjórnarnám. Á vorönninni voru 28 á starfsmannalistanum. Kennarar í fullu starfi voru 13 og í hlutastarfi voru átta. Aðrir starfsmenn voru sjö og þar af fjórir í fullu starfi og tveir eru húsverðir í Nýheimum sem sinna húsvörslu og þrifum í skólanum.

Á haustönn 2013 voru 183 nemendur við skólann og á starfsmannalistanum voru 25. Kennarar í fullu starfi voru níu, níu eru í hlutastarfi og einn námsorlofi. Aðrir starfsmenn í fullu starfi eru fimm og einn að auki í hlutastarfi. Kynjaskipting nemenda var nokkuð jöfn eða 89 karlar og 94 konur. Um 28% nemenda eru eldri en 20 ára og um 22% búsettir utan sveitarfélagsins. Flestir nemendur eru skráðir í nám til stúdentsprófs eða 97 alls. Þar af eru 46 nemendur með áherslu á félagsvísindi, 35 eru með áherslu á náttúruvísindi og 16 eru með aðrar áherslur og skráðir á kjörnámshraut. Til framhaldsskólaprófs voru skráðir 29 nemendur, 15 voru í vélstjórnarnámi og sjö voru í fjallamennskunámi.

2. Námsframboð:

Á haustönn 2013 var námsframboði skólans breytt í samræmi við lög frá 2008 og námskrá frá árinu 2011. Fyrsta skrefið var reyndar stigið á árinu 2012 þegar boðið var upp á fjallamennskunám og nám til stúdentsprófs með áherslu á umhverfis- og auðlindafræði. Haustið 2013 náðu breytingarnar til alls náms til stúdentsprófs og einnig var þá boðið upp á nám til framhaldsskólaprófs samkvæmt nýrri námskrá.

Framhaldsskólaprófið við skólann er 120 einingar. Í kjarna eru 15 einingar. Þar af eru 5 í lífsleikni og 6 í heilsufræði. Til viðbótar eru 4 einingar sem eru annars vegar þátttaka í þemadögum og hins vegar þátttaka í félagsstarfi við skólann. Þemadagarnir eru annars vegar vísindadagar á haustönn og opnir dagar á vorönn. Á vísindadögum velur hver nemandi eitt viðfangsefni sem kennarar skólans hafa undirbúið og stýra. Miðað er við að vinnulag sé í anda vísindalegra vinnubragða og að fyrst dagur fari í efnisöflun, annar í úrvinnslu og sá þriðji í kynningu á niðurstöðum. Á opnum dögum er lögð meiri áhersla á sköpun og frumkvæði nemenda. Nemendur velja sér viðfangsefni sem þarf á einhvern hátt að vera skapandi og afurðin þarf að vera sýnileg svo sem ljósmyndasýning eða árshátíð. Vísindadagar og opin vika hafa verið við skólann um nokkurt skeið en með nýrri námskrá eru þessi þætti teknir formlega inn í skólastarfið og einkum ætlað að styrkja og efla grunnþætti náms svo sem sköpun og lýðræði.

Til viðbótar 15 einingum í kjarna taka nemendur 25 einingar í bóklegu námi og 20 einingar í list- og verkgreinum. Alls er því bundið val í framhaldsskólaprófinu 60 einingar en aðrar 60 einingar byggjast á vali nemenda í samráði við skólann.

Námsframboð í list- og verkgreinum er aukið verulega frá því sem áður var og miðað er við að nemendur í námi til framhaldsskólaprófs taki ekki minna en 20 einingar í tveimur 10 eininga línunum í list- eða verknámi. Meðal nýrra áfanga í list- og verknámi á haustönn 2013 voru: Fatasamur, hönnun, ljósmyndun og útivist.

Námi til stúdentsprófs var breytt til samræmis við nýja námskrá. Grunnviðmiðið er að námið taki sjö annir og er því 210 einingar. Boðið er upp á nám á hug- og félagsvísindabraut, náttúru- og raunvísindabraut og kjörnámsbraut. Auk þess var í boði frá því á haustönn 2012 nám til stúdentsprófs með áherslu á umhverfi- og auðlindafræði. Í nýju námi til stúdentsprófs er kjarninn 120 einingar, sérhæfing og bundið val 70 einingar og óbundið val er 20 einingar. Í kjarna eru 20 einingar í ensku, íslensku og þriðja máli. Umfang þessara greina er það sama og í eldra kerfinu en þó meira í ensku á náttúrufræðibraut og miðað er við að 103 áfangarnir í íslensku, ensku, dönsku og stærðfræði tilheyri núna námi í grunnskóla. Áfangi í tölfraði er gerður að skyldu á öllum brautum en skylduáfangar í náttúrufræði og í hug- og félagsvísindum verða tveir í stað þriggja. Í hug- og félagsvísindum verður heimspeki skylda og í náttúruvísindum er umhverfis- og auðlindafræði skylda. Allir nemendur á stúdentsbrautum þurfa einnig að taka einn áfanga í verk- og listgreinum og einnig að taka þátt í þemadögum í fimm skipti. Skipulag og innhald sérhæfingar og bundins vals er með misjöfnum hætti eftir brautum. Á kjörnámsbraut er valið í höndum nemenda og skóla út frá áherslu nemenda. Þar getur til dæmis verið um að ræða nám í fjallamennsku eða námspakki sem settur er saman fyrir þann sem ætlar sér í listaháskóla. Á náttúru- og raunvísindabraut eru 50 einingar bundnar þar sem áhersla er á stærðfræði, efnafræði og eðlisfræði en á hug- og félagsvísindabraut er bindingin einungis 30 einingar. Nám á A-stig vélstjórnar er enn samkvæmt eldri námskrá og þannig er það einnig í öðru starfsnámi sem er boðið upp á í gegnum Fjarmentaskólann.

3. Framkvæmd markmiða:

Í viðauka Skólasamnings 2013-2015 milli mennta- og menningarmálaráðuneytisins og skólans er sett fram markmið í níu liðum. Markmiðin eru tímasett og hér verða þau markmið skoðuð sem tilheyra árinu 2013.

1. Klára endurskoðun aðalnámskrár á vorönn 2013

Undir þessu lið er eru sett fram markmið um að endurskoðaða skólanámskrá og sjálfsmatskerfi sem átti að vinnast á haustönn 2013 en náðist ekki einkum vegna niðurskurðar í rekstri skólans. Lýsingar á nýjum námsbrautum voru sendar inn samkvæmt áætlun á vorönn 2013 en fóru ekki inn í Námskrárgrunnin eins til stóð bæði vegna þess að hann var seint tilbúinn og einnig vegna niðurskurðar í rekstri skólans þannig að ekki var hægt að kaupa viðbótarvinnu af starfsmönnum eða ráða einhvern til að sinna þeirri vinnu.

Markmið 2. tekur til ársins 2014

3. Starfsnám í samvinnu við aðra skóla:

Undir þessum lið eru sjö liðir frá a til g.

Í a-lið er fjallað um aðgang að myndfundabré. Í bréfi frá ráðuneytinu þann 20.7. 2013 er svarað erindi frá FAS, VA og ME um aðgang, með þeim hætti að vísað er á Háskóla Íslands með framkvæmd og upplýsingar. Ekki hefur verið gengið frá samkomulagi við HÍ um þetta mál.

Í b-lið er stefnt að því að þróa fiskvinnslunám í samvinnu við Fjölbrautaskóla Snæfellinga og Menntaskólann á Tröllaskaga. Ekkert hefur gerst í þessum málum en þó er vilji hjá öllum skólunum til að vinna saman að málinu.

Í d-lið er sett fram markmið um þróun menntastefnu í ferðaþjónustu á svæðinu.

Verkefnið var unnið, skrifuð um það skýrsla og efni hennar kynnt á almennum fundi. Sjá

frétt á vef skólans:

http://www.fas.is/index.php?option=com_content&task=view&id=987&Itemid=58

Sótt var um styrk í þróunarsjóð framhaldsfræðslunnar í samvinnu við Austurbrú til að byggja upp námskeið á grunni stefnumótunarinnar en hann fékkst ekki og því varð ekkert úr markmiði e sem laut að því að setja af stað námskeið í ferðapjónustu.

Í g-lið var sett fram markmið um að koma á samstarfsvettvangi framhaldsskóla frá Húsavík að Hornafirði með það í huga að endurskoða samstarf skólanna. Ótullega var unnið að þessu markmiði sem ásamt vinnu við markmið 4. a) um að efla fjarnám til stúdentsprófs, leiddi til þess samstarf undir merkjum Fjarmentaskólans var víkkað út og eflt. Fjarmentaskólinn varð á árinu samstarf sjö framhaldsskóla á landsbyggðinni um starfsnám í lotu- og fjarnámi og einnig samstarf um almennt bóklegt nám í fjarnámi. Sjá nánar á vef Fjarmentaskólans. <http://www.fjarmentaskolinn.is/>

Markmið 5 er um fjallamenskunám og liður a gengur út á að fá staðfestingu á brautinni á vorönn 2013. Sótt var um áframhaldandi leyfi til að bjóða upp á nám við brautina sem fékkst og því má segja að markmiðið hafi gengi eftir þó ekki liggir fyrir staðfesting á brautinni.

Markmið 6 er um það að taka upp á árinu 2013 skráningarkerfi á brottfalli í samræmi við eyðublað ráðuneytis. Það gekk eftir.

4. Umbótaþættir eftir sjálfsmat:

Sjálfsmatskýrsla hefur verið unnin fyrir vorönn 2013 en ekki fyrir haustönnina.

Samantekt á því hvað var gert og hvernig, hvað varðar sjálfsmat og eftirfylgni með því liggur skýrar fyrir hvað vorönnina en haustönnina. Haustönnin var fyrsta önnin eftir að ný námskrá var tekin upp í skólanum. Á vorönn var gegnið frá nýju skipulagi náms og kennslu við skólann samkvæmt nýrri námskrá. Eitt lykilateymi í skipulagi náms og kennslu við skólann undanfarin ár hefur verið vinna nemenda, samanber annað kjörorð skólans sem birtist í orðunum „Nám er vinna“ Útfærslan á þessu kjörorði hefur verið sú að hver þriggja eininga áfangi hefur verið skipulagður sem 100 klukkustunda vinna nemenda burt séð frá því hve mikil kennslan hefur verið. Í nýrri námskrá er einingaviðmiðið vinna nemenda og í námskrárvinnunni í FAS hefur verið miðað við að hver eining sem er þriggja daga vinna nemenda sé 21 klukkustund eða sem svarar sjö klukkustundum á dag. Frá því að flutt var í nýtt húsnæði í Nýheimum hefur verið unnið að því að efla vinnu nemenda utan kennslustunda með skýru skipulagi í hverum áfanga og áherslu á að vinnan fari að mestu fram innan veggja skólans á tímanum frá 8-17 virka daga. Nemendur hafa reglulega verið spurðir um heildarvinnu sína í námi og í ljós hefur komið að mikil fylgni er á milli vinnu og árangurs, sem ekki hefur komið á óvart. Í þessu ljósi var tekin ákvörðun um það breyta fyrirkomulagi á vinnu nemenda lesstofu en þar er gert ráð fyrir vinna utan kennslustofu fari fram. Ákveðið var að í hverjum fimm eininga hefðbundnum áfanga yrðu nemendur að vera minnst eina klukkustund umfram fjögurra klukkustunda kennslu. Merkt var við nemendur á lesstofu og mætingin hafði áhrif á einkunn þeirra í viðkomandi áföngum. Í áfangamati nemenda á haustönn var meðal annars spurt um vinnu á lesstofu. Einnig var rætt við kennara um þeirra upplifun að breytingunni. Í ljós kom veruleg óánægja margra nemenda með aukna vinnuskyldu á lesstofu. Brugðist var við þeirri óánægju með skýrara skipulagi, meiri sveigjaleika og samræmingu á milli áfanga. Í öllum áföngum með lesstofuskyldu vegur mæting á lesstofu nú 5% af heildareinkunn, nemendur geta nú skipt hverjum klukkutíma á lesstofu

á milli tveggja faga, hægt er að breyta vikuáætlun í hverri viku og eins og áður er hægt að sækja um það til skólameistara að fá undanþágu frá mætingu á lesstofu.

5. Úttektir:

Á vorönn voru tvær úttektir sem flokkaðar eru undir ytra mat. Sú fyrri var úttekt á starfsanda í skólanum með áherslu á þátt stjórnenda í að móta hann. Úttektin kom í kjölfar kvörtunar sem barst ráðuneytinu varðandi stjórnun og framkomu skólameistara svo og samskipti við starfsmenn skólans. Niðurstöður voru í megin dráttum þær að starfsandinn í skólanum er góður og stjórnun einnig. Nokkrar athugasemdir komu þó fram sem nýttar eru til endurbóta.

Fyrirtækið Rannsókn og greining vann einnig úttekt á vímuefnaneyslu í framhaldsskólum landsins og í ljós kom að vímuefnaneysla nemenda var svipuð og í öðrum skólum fyrir utan það að áfengisneysla var með því mesta sem gerist hjá framhaldsskólanemendum á landinu. Brugðist var við því með því að herða og skýra reglur hvað varðar dansleiki og skemmtanahald, halda fund með foreldrum þar sem því var beint til þeirra að leyfa ekki eftirlistlaus partí né að kaupa vín fyrir fólk undir lögaldri. Einnig var skrifuð grein í staðarblaðið og málið rætt við vímuvarnahóp sveitarfélagsins.

6. Afkoma, rekstrarstaða:

Árið 2013 kom mjög illa út hvað varðar rekstur. Tap á rekstrinum var tæpar 12 milljónir en reksturinn var þó skorinn niður um einar 9 milljónir frá árinu 2012. Sá niðurskurður fór einkum fram á síðari hluta ársins þar sem skipulag vorannar var þegar frágengið þegar ljóst var hvert stefndi. Á árinu 2012 var nýttur uppsafnaður afgangur upp á einar 13 milljónir. Niðurskurðurinn var einkum í vinnu sem hægt er að skera niður án þess að fækka nemendum og rýra þannig tekjur. Sem dæmi var námsráðgjöf skorin niður og umsjón með félagslíf nemenda sem mikið hefur verið lagt í á undanförunum árum.

Gerð hefur verið áætlun fyrir árið 2014 sem gerir ráð fyrir að reksturinn verði innan fjárhagsrammans. Ljóst er þó að það verður mjög erfitt einkum vegna þess að á sama tíma þarf skólinn breyta skipulag í samræmi við nýja námskrá sem hefur í för með sér töluverða auka vinnu miðað við það sem annars væri.

7. Brottfall:

Brottfall innan annarinnar á vorönn 2013 var um 7% og um 8% á haustönn. Á undanförunum níu árum hefur brottfall innan annar farið mest í 27% þegar fjarnemendur voru flestir en hefur verið á bilinu 9-13% frá 2010 eftir að fjarnemum fór að fækka. Brottfalli innan annar hefur aldrei verið minna undanfarin ár en 2013.

Í samræmdri brottfallsskráning samkvæmt eyðublaði frá ráðuneyti er metið brottfall á milli anna. Inni í því brottfalli eru ekki þeir sem eru í fjarnámi í gegnum aðra skóla í einum til tveimur áföngum. Með þessum fyrirvara var brottfallið á vorönn þrjár nemendur og á haustönn níu. Sjö af þessum tólf nemendum fóru að vinna og þrjár fóru í annan skóla. Ekki er tilefni til að leggja frekar út af þessu þar sem tölurnar eru lágar og ekki hægt að bera þær saman við fyrri ár, þar sem 2013 var fyrsta árið sem þessum tölum vara safnað saman með þessu hætti.

8. Stjórnun:

Stjórnun skólans á árinu 2013 var með hefðbundnum hætti. Samanber skipurit skólans þá einkennist stjórnunin að mestu leyti af tveimur lögum þar sem starfsmenn heyra beint undir skólameistara. Kennarar og aðrir starfsmenn hafa þó hver sitt starfssvið og bera þar mismikla ábyrgð. Þannig er starfsmaður sem er áfangastjóri í hlutastarfi og annar sér um erlend samskipti og sá þriðji um félagslíf nemenda.

9. Samvinna við aðra:

Samvinna við aðra er eitt megin einkenni skólans. Samstarfið við þá sem vinna í Nýheimum er mjög náið og tilefni af 10 afmæli Nýheima og 25 ára afmæli skólans var á árinu 2012 haldin sameiginleg afmælisráðstefna þar sem ákveðið var að móta stefnu fyrir Nýheima næstu 10 ár. Niðurstaða þeirra stefnumótunar var að leggja áherslu á þrjú verkefni næstu árin sem síðan hefur verið unnið að á árinu 2013. Í fyrsta lagi var ákveðið að gera Nýheima að formlegu þekkingarsetri og í maí var það stofnað formlega og komst síðan inn á fjárlög fyrir árið 2014. Með þessu móti er hið góða samstarf í Nýheimum komið í fast form og á væntanlega eftir að eflast enn frekar við það.

Annað megin verkefnið var að efla Vöruhúsið sem sameiginlegan vettvang grunnskóla, framhaldsskóla, starfandi fyrirtækja og einstaklinga hvað varðar skapandi greinar. Verkefnið hefur gengið það vel að nú þegar er húsnæðið sem eru um 1200 fermetrar orðið of lítið til að hýsa þá sækjast eftir því að fá þar aðstöðu.

Þriðja megin verkefnið var að endurskipuleggja framhaldfræðslu á svæðinu en með tilkomu Austurbrúar var Þekkingarnet Austurlands lagt niður og finna þurfti nýjar leiðir til að sinna framhaldsfræðslu á svæðinu. Niðurstaðan varð sú að tengjast Háskólafélagi Suðurlands og Fræðslunetinu á Suðurlandi.

Fjórdða stóra verkefnið á sviði samvinnu var mótun og breyting á samvinnu skólans við aðra framhaldsskóla. FAS hefur frá því að skólinn varð til verið í nánun samstarfi við skóla á Austurlandi. Árið 2012 hófst einnig samstarf við þrjá aðra skóla um fjarnám til stúdentsprófs með áherslu á umhverfis- og auðlindafræði undir merkjum Fjarmentaskólans. Á árinu 2013 varð Fjarmentaskólinn síðan samstarfsvettvangi sjö framhaldsskóla á landsbyggðinni þar sem áhersla var lögð á að auka framboð á starfsnámi með fjarnámi og lotubundnu staðnámi.

Á vorönn lauk verkefni sem fékk nafnið Lærdómssamfélagið. Það verkefni var samvinnuverkefni framhaldsskóla, tónskóla, gunnskóla og leikskóla á Hornafirði um það hvernig ætti að takast á við að innleiða grunnþætti skólastarfs samkvæmt nýrri námskrá. Þó ekki fengist frekari styrkur til að vinna áfram í þessu verkefni þá var ákveðið að halda samstarfinu áfram og finna leiðir til að efla það.

Á haustönn hófst samvinna við Nettóverslunina á Höfn um nýliðaþjálfun í matvöruverslun. Sú samvinna hefur leitt til tenginga við Fræðslumiðstöð Atvinnulífsins, Háskólans á Bifröst og Rannsóknarmiðstöð verslunarinnar og á vonandi eftir að skila sér í öflugara námi fyrir verslunarfólk.

10. Sérstakar áherslur/sérsvið skólans:

Í skólasamningi eru ekki tilgreind nein sérstök verkefni og helstu áherslur og sérsvið hafa verið tíunduð hér fyrir framan.

Mars 2014 Eyjólfur Guðmundsson